

Pési



Lesið þetta

- Vor í lofti og ný tækifæri
- Auglýsingar
- Fréttir
- Tónleikar
- Aðalfundur

Næsti Pési kemur út 14.maí. Skil á efni er 10. maí

Efni í þessu blaði:

Forystugrein	2
Fréttir	3
Búnaðarfélagið	10
Leikskólinn	12
Gönguferðir	14
Vetrarmót Smára	18
Sumarnám-skeið	22

Apríl 2010

Ritstjóri og ábyrgðarmaður
Ísólfur Gylfi Pálmason

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir - svanhildur@fludir.is

Hrunamannahreppur, Akurgerði 6, 845 Flúðir

20. árgangur. 237. tölublað. pesi@fludir.is. Sími. 480 6600

Viðurkenningar Nautgriparæktarfélagins

Á aðalfundi Nautgriparæktarfélagss Hrunamannahrepps voru að vanda veittar viðurkenningar. Afurðahæsta búið í Hreppnum er bú þeirra Jóns Eiríkssonar og Önnu Maríu Sigurðardóttur í Berghyl 7.111 kg af mjólk – 520 kg MFP. Afurðahæsta kýrin er Gæfa 5396 frá Birtingaholti 1 í eigu oddvitans okkar Ragnars Magnússonar og Mörtu Jónsdóttur en hún gaf 10.668 kg. af mjólk. Ræktunarbú ársins er bú Sigurjóns Sigurðssonar og Sigrúnar Einarsdóttur en þau voru með mestu hækkun á verðmætum milli ára. Efnilegasta kvígan er Glæta 364 frá Kotlaugum fékk 87 stig í útlitsdómi, 117 stig í kynbótamati, afurðir ársins 2009, 8.356 kg. Þetta leiddi til þess að eigendur Glætu fengu hin eftirsóttu grip, Huppu-hornið.



Myndir úr Flúðaskóla

Ljós: SigSigm

Vor í lofti og ný tækifæri

Nú er vor í lofti . Vorið er tími sáningar, eftirvæntingar og nýrra tækifæra. Hreppnefndarkosningar eru í aðsigi en hér hefur hreppsnefndin verið samheldin á kjörtímabilinu og fyrir sveitarstjóra og starfsmenn sveitarfélaga eru það forréttindi að vinna við slíkar aðstæður. Sigurður Ingi Jóhannsson lætur nú af störfum eftir farsælt starf sem hreppsnefndarmaður en hann hefur setið í sveitarstjórn í 16 ár og var þar af oddviti í 7 ár og varaoddviti í 4 ár. Það er eftirsjá af Sigurði Inga en Hrunamenn og aðrir Sunnlendingar treysta á að kraftar hans nýtist landi og þjóð, í störfum hans sem alþingismaður. Á síðasta fundi hreppsnefndar voru ársreikningar sveitarfélagsins fyrir árið 2009 lagðir fram. Rekstur sveitarfélagsins hefur verið að batna til muna á síðustu árum, að árinu 2008 undanskyldu. En þá varð hrun í Íslensku efnahagslífi sem hafði afgerandi áhrif á allan rekstur í landinu hvort heldur almennan atvinnu- og búrekstur, rekstur heimila, sveitarfélaga eða þjóðfélagsins í heild. Rekstur Hrunamannahrepps er viðkvæmur eins og rekstur annarra sveitarfélaga. Við þurfum mjög að stóla á tekjur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og ef afgerandi breytingar verða á þeim sjóði, sem ekkert bendir til í augnablikinu, verður að endurmeta rekstrarstöðu sveitarfélagsins. Hrunamannahreppur er auðugur af náttúruauðlindum. Í deigluinni eru mörg spennandi atvinnutækifæri. Þannig er sveitarfélagið í viðræðum við Matis og Sölufélag garðyrkjumanna um fullvinnslu grænmetis, nokkurs konar matvælaeldhúss, þar sem lögð verður áhersla á fullvinnslu. Þarna eru upplögð tækifæri fyrir garðyrkjubændur á svæðinu til þess að fullvinna grænmeti, t.d. frystingar, sultugerðar o.s.frv.. Þá er sveitarfélagið í viðræðum við aðila sem áhuga hafa á að koma hér upp fiskeldi með öðrum hætti en tíðkast hefur á Íslandi. Enn er unnið að undirbúningi að heilsuþorpi sem eru einstaklega spennandi hugmyndir. Í ferðaþjónustunni eru uppi áform um viðbyggingu við Gistiheimilið á Grund og þá þokast áfram athyglisverðar hugmyndir varðandi baðaðstöðu við Garð. Kolbrún Kristín Daníelsdóttir undirbýr bændamarkað í sumar og hótélhaldarar á Hótel Flúðum byggja upp skemmtilega útiaðstöðu með heitum pottum, veitingaaðstöðu o.fl. Það væri synd að segja að doði væri yfir samfélagi okkar.

Ísólfur Gylfi Pálmason, sveitarstjóri

Bændamarkaður 2010

Vel tókst til með bændamarkaðinn í Ferðamiðstöðinni á Flúðum á síðasta ári. Í ár mun Kolbrún Kristín Daníelsdóttir, betur þekkt undir nafninu Stína kokkur, sjá um markaðinn og hefur hún í hyggju að hafa hann lengur opinn en áður var. Það er greinilegt að vinsælast á bændamarkaðnum eru matvörur, Auðsholtslax, alls konar grænmeti, nautakjöt o.fl. Ekki er ósennilegt að Kjöt frá Koti verði á sölulista bændamarkaðarins og margt fleira góðgæti héðan úr sveitinni. Bændamarkaðurinn er kærkomin viðbót við þjónustu og afþreyingaflóru ferðamanna og reyndar heimamanna í hreppnum.

Fáklædd við opin eld

Hótelstjórnarnir á Hótel Flúðum þau Guðmundur og Margrét eru að komast í rómantíska gírinn. Nú standa yfir miklar framkvæmdir þar sem til stendur að setja niður glæsilega heita potta, og koma upp útiáðstöðu þar sem hægt verður að sóla sig á sandölum og ermalausum bol, eins og stendur í þjóðvísunni. Það stendur einnig til að þarna verði opinn eldur sem rómantískir hótелgestir geta horft á áður en lagst er til hvílu. Þetta er glæsilegt framtak og eykur afþreyingu og notagildi hótelsins. Enn er ekki ljóst hver fær að vígja pottinn en gamli sjarmörinn Hemmi Gunn er sérstakur vinur hótelsins og á hverjum sunnudegi efnir hann til spurningaleiks á Bylgjunni þar sem í verðlaun er morgunverður, kvöldverður og gisting á þessu glæsilega hóteli.

Efra Sels golfvöllurinn enn vistvænni en áður

Golfvallareigendur í Efra Seli eru sífellt að brydda uppá nýjungum og hafa sjálfbærni að leiðarljósi. Mikla athygli vakti þegar gamli Fergusoninn brenndi notaðri matarolíu þannig að kleinuilminn lagði um allan golfvöllinn og rasssíðustu menn spiluðu 18 holurnar á met tíma, því svengdin sagði til sín, þegar ilminn lagði yfir völinn. Nú hafa Efra Selsmenn áhuga á að hirða allt lífrænt úr sorpinu og nýta sem jarðveg í framtíðinni. „Svona eiga sýslumenn að vera“ segir einhversstaðar.

Aðalfundur Skógræktarfélagssins

Aðalfundur Skógræktarfélagss Hrunamanna verður haldinn á Kaffi Seli 15. apríl n.k. kl. 20.30. Venjuleg aðalfundarstörf. Ekki er ólíklegt að skógræktarmennirnir taki lagið „Vertu til er vorið kallar á þig“ en aðalfundur skógrægingenda verður haldinn í Keili Keflavík þann 24. apríl.

Ársreikningur Hrunamannahrepps

Það er ánægjulegt að segja frá því að þrátt fyrir hrun og hremmingar í efnahagslífinu er tekjuafgangur af rekstri sveitarfélagsins árið 2009. Í áætlunum okkar gerðum við ráð fyrir rekstrarhalla uppá u.þ.b. 25 milljónir. Rauntölur urðu þær að jákvæð rekstrarniðurstaða a hluta reikningsins var 21.7 milljónir og a og b hluta jákvæð um 12.4 milljónir. Ársreikningurinn verður borinn fram til seinni umræðu og afgreiðslu á næsta fundi hreppsnefndar og í framhaldi af því verður hann birtur á vefsíðu hreppsins.

Lakkað íþróttahúsgólf

Húsvörðurinn okkar þótti svolítið dularfullur í göngulaginu í dymbilvikunni. Við nánari athugun kom í ljós að verið var að lakka gólfíð í íþróttahúsinu. Þetta gleður íþróttááhugamenn og iðkendur. Húsvörðurinn hefur hins vegar aftur náð fyrra göngulagi og mundar nú moppuna af enn meiri fimi en hann hefur gert áður.

Fjör í reiðhöllinni

Mikilvægi reiðhallarinnar hefur svo sannarlega sannað sig. Mikið og gott starf er í húsinu og þar spreyta sig ungir og aldnir hestamenn. 17. apríl verður síðasta vetrarmót Smára haldið á vellinum við reiðhöllina og 23. apríl verður síðasta keppnin í uppsveitadeildinni og er víst að á þessum mótum mun verða margt um manninn knapar, hross og áhugasamir hestamenn.

Vetnisvinnsla úr kúamykju?

Að undanförmu hafa verið haldnir aðalfundir búgreina hér í sveit. Þannig hafa kúabændur, sauðfjárbændur og hestamenn haldið aðalfundi sína. Á aðalfundi kúabænda mætti Svanhildur Ósk Ketilsdóttir og sagði frá meistaraverkefni sínu um vinnslu á vetni úr kúamykju. Hér er um afar spennandi hugmyndir að ræða. Sr Eiríkur Jóhannsson hefur sýnt þessu verkefni mikinn áhuga og á sinn þátt í að finna fyrirlesara vegna verkefnisins. Sveitarstjóri hafði samband við Jón Tryggva Guðmundsson frá Hraungerði en hann var ekki tilbúinn til þess að halda fyrirlestur um verkefnið en hann sagði hins vegar að áhugasamir aðilar væru vel komnir að skoða það sem hann og faðir hans eru að fást við í Hraungerði.

Öflugt starf eldri borgara

Það er enginn doði yfir eldri borgurum hér í hrepp. Þeir hafa nýverið gefið út fréttabréf þar sem farið er yfir helstu starfsemi félagsins. Meðal annar er framundan heimboð að Brautarholti 23. apríl, vorferð 27. apríl, handverkssýning í Félagsheimili Hrunanna 29. apríl, leikhúsferð í Borgarleikhúsið 8. maí, vorfagnaður eldri borgara í Árnessýslu 9. maí á Eyrarbakka og sumarferð í Vestur-Skaftafellssýslu 31. maí til 2. júlí. Hver var svo að gera því skóna að ekkert væri að gera hjá öllum þessum öðlingum sem lögðu grunnin að því samfélagi sem við lifum í.

Efnilegir stærðfræðingar

Það er alltaf gaman þegar unga fólkið okkar stendur sig vel. Stærðfræðikeppni grunnskóla á Suðurlandi var haldin á dögnum, þar varð í öðru sæti Hrunamaðurinn Jón Aron Lundberg, sonur Arndísar Eiðsdóttur en stjúpi hans er Gunnar Jóhannesson, Jón Aron stóð sig með miklum glæsibrag. Hann fékk 96 stig af 100 mögulegum. Þorbjörg Eiríksdóttir úr Bláskógabyggð varð hærri en hún leysti verkefnið með fullu húsi. Árangurinn er gleðilegur bæði fyrir Þorbjörgu, Jón Aron og skólana þeirra. Til hamingju með frábæran árangur!

Útivistarsvæðið í Torfdal

Að undaförnu hefur verið haldið áfram að laga útivistarsvæðið við Torfdal þar sem reiðhöllin er og breytingin hefur verið gerð á rennsli Litlu-Laxár. Ljóst er að þarna verður skemmtilegt útivistarsvæði. Á þessu svæði mun einnig fara fram ýmislegt sem tengist hestum og hestaþróttum og traktorstorfæran smellpassar á þetta svæði. Líklega hafa aldrei fleiri horft á hana en á síðasta ári.

Sveitarstjórnarkosningar 2010

Formaður kjörstjórnar minnir á að síðasti frestur til þess að skila inn framboðslistum fyrir sveitarstjórnarkosningar 29. maí n.k. er kl. 12.00 á hádegi laugardaginn 8. maí. Kjörstjórn tekur á móti framboðslistum þann dag frá kl.11.00 til 12.00 í Félagsheimili Hrunanna.

Hilmar og Heimir gera það gott.

Hilmar Jóhannesson og Heimir Gunnarsson fóru inn fyrir Kaldbak 6. mars s.l. og fundu á með hrútlambi frá Haukholtum sem var búin að vera í Laxárgljúfri síðan í haust og hafði ekki náðst í hús. Þar sem þeir félagar eru miklar hetjur og haukfráir komu þeir ánni og hrútlambinu fram að Kaldbak þar sem þau voru tekin á kerru. Ærin leit mjög vel út og hrúturinn viktaði 52 kg. Þegar hann kom í hús í Haukholtum enda með feikn mikil hornahlaup.



Ræktunarsýning

Hrossaræktarfélag Hrunamanna mun halda Ræktunarsýningu föstudaginn 7. maí.

Fyrirkomulagið verður þannig að hvert bú fær 5 mín og má sýna allt að 4 hrossum, (hvaða aldur sem er) hvort sem það er í reið,teyma um eða reka. Þulur mun síðan lesa upp það sem ræktendur vilja koma á framfæri og mun hann einnig lýsa því sem fyrir augu ber. Gert er ráð fyrir því að atriðin verði sem fjölbreytilegust.

Lokað verður fyrir skráningu 1. maí klukkan 24:00

Kostnaður á bú er 2.500

Fleiri upplýsingar fást hjá stjórninni. Grímur S: 4866683 og 8966-683

Berglind S: 8485811 og 5881123 Magnús S: 6905969

Látum sönginn hvellan óma!

Nú er mikið að gera hjá hinum fjölmörgu kórum sem starfræktir eru hér í hreppnum og í samvinnu íbúa í uppsveitum Árnessýslu. Sannkölluð uppskeruhátíð fer í hönd. Kirkjukórarnir hafa nýverið lokið páskasöng sínum. Okkar virti klerkur Sr. Eiríkur Jóhannsson söng fjórar messur á páskadag. Nú fer í hönd tónleikaröð kóranna okkar. Uppsveitasystur riðu á vaðið s.l. laugardagskvöld með glæsilegum tónleikum og húsfylli í Félagsheimilinu á Flúðum. Efnisskráin var fjölbreytt og mikla athygli vakti seinni hluti tónleikanna þar sem flutt voru verk byltingaskáldsins Bob Dylans. Þetta var fríður flokkur fólks og „uppsveitabrosið“ fór ekki af Hreini Óskarssyni framkvæmdastjóra Hekluskála sem lék á gítar á tónleikunum, en hann er gott dæmi um fjölbreyttan mann, en þannig er reyndar um svo marga sem syngja í kórum og leika á hljóðfæri.

Kóraninn klikkar ekki

Það hefur stundum verið haft á orði að Pésinn sé duglegur að fjalla um kórana í uppsveitunum og einhverjir halda því fram að hann geri jafnvel Karlakórnum hærra undir höfði en öðrum kórum á svæðinu. Víst er að tónleikar Karlakórs Hreppamanna í Selfoskirkju s.l. þriðjudagskvöld tókust með ágætum og húsfyllir var. Efnisskráin var að vanda fjölbreytt. Sungin voru lög eftir snillingana Sigurð Ágústsson, Franz List og Miklos Dalmay svo einhverjir séu nefndir. Rúsínan í pylsuendanum var síðan söngur hetjutenórsins Jóhanns Friðgeirs Valdimarssonar sem bæði söng ariúr úr óperum, íslensk ættjarðarlög og einnig söng hann með karlakórnum. Það fór heldur lítið fyrir tröllatenórum kórsins í fremstu röð þegar þessi snillingur hóf upp raust sína. Síðari vortónleikar kórsins verða í Félagsheimili Hrunamanna n.k. laugardagskvöld 17. apríl og hefjast kl. 20.30. Vönduð söngskrá hefur verið send til kynningar á tónleikunum. Síðan undirbýr okkar góði stjórnandi Edit Molnár kórin undir söng á Sæluviku Skagfirðinga 1. maí n.k.

Síðasti vetrardagur og Vörðukórin

Vörðukórin undirbýr nú af krafti vortónleika sína sem verða síðasta vetrardag 21. apríl. Tónleikarnir verða haldnir í Félagsheimilinu Árnesi og hefjast kl. 20.30. Efnisskráin er fjölbreytt og skemmtileg að vanda. Íslensk tónlist af öllu tagi, gömul og ný lög. Eyrún Jónasdóttir stýrir sínu fólki að vanda en Stefán Þorleifsson fer fimum fingrum um hljóðfærin. En Vörðukórin er ekki af baki dottin. Það verður „enn betra að búa í Kópavogi“ laugardaginn 24 apríl. Því þá stígur kórin á stókk og syngur í einu besta tónleikahúsi landsins Salnum. Kórarnir okkar eru greinilega í innlendri útrás. Við erum stolt af öllu þessu góða sönglífi í uppsveitunum. Söngurinn er eitt besta hópefli sem hugsast getur.



Frá Bókasafni Hrunamanna



Vinsamlegast athugið breyttan
opnunartíma yfir sumarmánuðina.

Bókasafnið er opið til 30. apríl:

Mánudaga Kl. 20-21

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18

Fimmtudaga Kl. 16-18

Frá og með 1. maí verður ekki opið á fimmtudögum.

Aðgangur að tölvu fyrir almenning. Gjaldskrá ½ klst. kr. 150,-.

Alltaf eitthvað nýtt efni í hverri viku.

Vinsamlegast munið að skila bókum á réttum
tíma.



Verið velkomin á bókasafnið sem er fullt af efni til fróðleiks og
skemmtunar.

Lestrarstund er gæðastund **J**

Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 486 6708

Netfang: bokasafn@fludir.is

Heimasíða: <http://www.fludir.is/bokasafn/>

Fótsnyrting

Laugardaginn 8. maí n.k. mun Hafdís Magnúsdóttir fóttaaðgerðar-
fræðingur verða í kjallaranum að Heimalandi. Eldri borgarar og
aðrir íbúar látum okkur líða vel og njótum þess sem okkur stendur
til boða. Tímapantanir hjá Hafdísi

í síma 567 7667 eða 849 7619.



FLÚÐA-TAXI

Uppsveita Árnessýslu

Jóh. Unnar Guðmundsson



Sími 893 1462

8 farþega bíll



Fjallaraf
sími 662 0530

Hjörleifur Ólafsson

Rafræðingur Lóggiltur rafverktaki

Fossi

Hrunamannahreppi

845 Flúðir

Sími 662 0530

Fax 486 6432

fossi@fossi.is

Fundur!

Á-listinn heldur fund fyrir stuðningsfólk sitt á Útlaganum sunnudagskvöldið 18. apríl kl. 20.30. Við hvetjum alla áhugasama um áframhaldandi framboð Á-listans að mæta og óskum eftir nýjum áhugasömum aðilum til að starfa með okkur.

Upplýsingar gefur Esther í síma 486-6590

Á-listinn.
10

Frá Búnaðarfélagi Hrunamanna

Við viljum minna á tækjaleigu Búnaðarfélagsins.

Ef tækjum er skilað skítugum er 5.000 kr. hreinsunargjald. Minnum sérstaklega á að skila hestakerrunni hreinni þar sem hún fer landshluta á milli.

Tækin eru staðsett á Hrafnkelsstöðum og Kotlaugum og sjá Aðalsteinn og Sigurjón um tækin. Pantanir eiga að berast til þeirra. Hestakerran er staðsett á Kotlaugum.

Ýtupantanir eru í umsjón Grétars Skúlasonar í síma 894-7208.

Nánari upplýsingar eru hjá Aðalsteini í síma 898-1591, Sigurjóni í síma 893-5212 og Þórunni í síma 860-1329.

Tæki	Verð	Eining	Athugasemdir
Ýta m/manni	10.000	klst	
Kornskurðarvél m/manni	17.000	klst	
Kornskurðarvél utansveitar	22.000	klst	
Komugjald kornskurðarvél	12.500	klst	
Kornvals	3.000	klst	
Pinnatætari	2.300	klst	
Hnífataætari	2.300	klst	
Plógar 5 skeri	2.300	klst	
Plógar 3 og 4 skeri	1.800	klst	
Haughræra	6.000	klst	Ekki leigð utansveitar
Steypuvél	3.000	á dag	
Steypuvél pokagjald	50	poki	
Loftunarrípper	3.000	á dag	
Loftpressa	3.000	á dag	
Kalkdreifari	500	á tonn	
Haugsuga 0-20 tímar	2.900	klst	
Haugsuga 21-	2.300	klst	
Flaghefill	1.000	klst	
Sturtukerra 0-20 tímar	2.000	klst	
Sturtukerra 21-	1.600	klst	
Valtari	1.500	hektari	
Ruddasláttuvél	1.100	klst	
Diskaherfi	2.200	klst	
Fjaðraherfi	3.000	klst	
Hestakerra félagsmenn innansv.	5.000	á dag	
Hestakerra félagsmenn utansv.	10.000	á dag	Afréttur = utansveitargjald
Hestakerra innansveitar	7.000	á dag	
Hestakerra utansveitar	12.000	á dag	Afréttur = utansveitargjald



Hrunsaunvegur 2, 845 Flúðir, Sími 480 6620, Netfang: undraland@undraland.is

Kæru foreldrar

Vinsamlega sækið um vistun fyrir næsta haust fyrir 1. maí.

Vistunar- og dvalarreglur eru aðgengilegar í leikskólanum og á heimasíðunni undraland.is.

Umsóknareyðublöð er hægt að nálgast í leikskólanum.

Skráning er skipulögð af leikskólastjóra.

Lágmarksvistun eru fjórir samliggjandi dagar með sama vistunartíma.

Ef foreldrar vilja breyta vistunartímanum látið vita fyrir 1.júní.

Gjaldskrá Undralands 2010

	Gjald fyrir vistun 1 dag í viku	Gjald per mánuður fyrir vistun 5 daga í viku.	Gjald forgangshópa fyrir vistun 1 dag í viku	Gjald forgangshópa pr mánuður fyrir vistun 5 daga í viku
1 klst.	563	2.817	423	2.113
4 klst.	2.254	11.268	1.690	8.451
5 klst.	2.817	14.085	2.113	10.564
6 klst.	3.380	16.902	2.535	12.677
7 klst.	3.944	19.719	2.958	14.790
8 klst.	4.507	22.536	3.380	16.902

Afsláttur á vistunargjöldum:

Annað barn 25% afsláttur.

Þriðja barn 100% afsláttur.

Forgangshópar 25% afsláttur.

Matarkostnaður á dag:

Morgunhressing 55 kr.

Síðdegishressing 83 kr.

Hádegismatur 220 kr.

Hægt er að kaupa aukavistun hjá deildar- aðstoðar- og leikskólastjóra, ef mannaflí leyfir, þá kostar hver klukkustund 200 kr.

Vistunartímar leikskólans

4 tíma vistun. 8:00-12:00 / 9:00-13:00

5 tíma vistun. 8:00-13:00 / 9:00-14:00

6 tíma vistun. 8:00-14:00 / 9:00-15:00

7 tíma vistun. 8:00-15:00 / 9:00-16:00

8 tíma vistun. 8:00-16:00

Mikilvægt er að uppsagnarfrestur sé virtur, þ.e. mánaðaruppsagnarfrestur.

Greiða skal fyrir þann tíma sem barnið er skráð. Ekki er tekið tillit til fjarvista, nema um langvarandi veikindi sé að ræða. Fæðisgjald er felld niður vegna fjarveru barns, ef látið er vita um fjarveruna fyrirfram og nemi hún a.m.k. 5 samfelldum virkum dögum.

Fastir frídagar verða ekki dregnir frá t.d. jól og páskar.

Starfsfólk leikskólans

Kjöt frá Koti

15% kynningar afsláttur af holdanautahakki í apríl.

Einnig eru til hamborgarar, gúllas og steikur við öll tækifæri.

Engum aukaefnum er bætt í kjötið.

Verið velkomin að kynna ykkur úrvalið.

Alltaf opið, en gott er að hringja á undan sér í síma 8943333 Unnsteinn.

Verslum gæðavöru í heimabyggð

Kjötvinnslan Langholtskoti



Samkaup strax

Opnunartími Versl. Strax.

Mánudaga til föstudaga 09:00-19:00

Laugardaga 10:00-19:00

Sunnudaga 10:00-17:00

Verið velkomin.

Starfsfólk Versl.Samkaup strax
á Flúðum.

VÖRÐUKÓRINN

Vortónleikar Vörðukórsins verða í Árnesi

miðvikudaginn 21. apríl kl. 20:30. (Síðasti vetrardagur)

Á efniSSkránni verður íslensk tónlist af ýmsum gerðum, gömul og ný.

Stjórnandi kórsins er Eyrún Jónasdóttir og undirleikari Stefán Þorleifsson.

Miðaverð kr. 1500. Frítt fyrir börn á grunnskólaaldri.

Ath. Vörðukórinn flytur sömu efniSSkrá í Salnum í Kópavogi laugardaginn 24. apríl kl. 15:00.



Heillaskeyti og Minningarkort.

Slysavarnafélagið Landsbjörg hefur á boðstólum heillaskeyti og minningarkort til þeirra sem vilja senda kveðju og um leið styrkja Landsbjörgu eða einhverja einstaka aðildarsveit.

Hægt er að fara inná heimasíðu Landsbjargar, www.landsbjorg.is eða hringja á skrifstofu félagsins í síma 570-5900 til að ganga frá skeyti eða korti. Taka þarf fram hvaða sveit þú vilt styrkja og hvað mikið.

Með vorkveðju Björgunarfélagið Eyvindur.

Gönguferðir fyrir alla.

Ætlunin er að hefja gönguferðir um Flúðir 3x í viku ca 1 klukkutíma hvert skipti, mánudaga, þriðjudaga og fimmtudaga í hverri viku.

Farið verður frá hótelpiani kl. 17.00. alla dagana og byrjum mánudaginn 19.apríl.

Gönguhraði við allra hæfi, muna mikið er ekkert endilega það besta.

Nú er bara að taka á því og eru allir velkomnir konur og karlar.

Magga Run, Sirrý og Monika

Viðvera oddvita á Skrifstofu Hrunamannahrepps er á mánudögum frá kl:10:00-12:00

Fyrirlestur um klæðnað og búningagerð á Hótel Heklu sunnudaginn 18. apríl kl. 13:00.

Hverju klæddust hetjurnar til forna; Gaukur á Stöng, Þuríður á Steina-
stöðum, Gunnar á Hlíðarenda, Hallgerður o.fl. Nú gefst einstakt tækifæri
tíl að fræðast.

Kristina Berman hefur um árabíll starfað við búningagerð og textílvinnu
fyrir söfn og sýningar. Hún mun fjalla um endurgerð fatnaðar, snið, efni,
líti, klæðnað eftir stéttum o.s.frv.

Í framhaldi af fyrirlestrinum verða upplýsingar aðgengilegar þeim sem
hafa áhuga á að vinna klæðnað.

Áhugasamir skrái þátttöku: asborg@ismennt.is sími 898 1957

Aðalfundarboð.

Aðalsafnaðarfundur Hrepphólasóknar verður haldinn í safnaðarheimilinu
mánudaginn 26.apríl n.k.kl.20.30

Venjuleg aðalfundarstörf

Sóknarnefndin.

Til leigu 100 fm íbúð í þríbýlishúsi í Hrunamannahreppi. Afhending samkomu-
lag, þingl. húsaleigusamni v/húsaleigubóta. Innifalið: Hiti, internet, vöktun,
skattur og samningur. Langtímaleiga, ekki vísitala, umsóknir gbb@post.com
581 1214 og 690 1796, á sama stað eru húsgögn til sölu.

Stúlka sem fermist í vor óskar eftir að gæta barna í sumar, hefur farið á
Rauðakrossnámskeið.

Upplýsingar í síma 8467992 Sandra/8930292 Jóna

Barnapössun

Barngóð manneskja óskast til að annast 14 mánaða gamla telpu frá síðari hluta
aprílmánaðar til júlíloka.

Nánari upplýsingar í sínum 861-0237 og 864-6468

Til sölu kerra aftan í traktor 35.000kr,vagn fyrir traktor 55.000kr.
Plöntukerra 65.000kr,lítill sturtuvagn 100.000kr.
4 hjólavagn 75.000kr,Nall dráttarvél ógangfær 45.000kr.
Massey Ferguson teg 135. 300.000kr
tækin eru staðsett í a-landeyjum
uppl 690-1796 gbb@post.com
Til sölu að Unnarholtskoti ýmis húsgögn og
smáhlutir,heimilistæki,sýnt eftir eftirspurn:
tilboð og prútt ,gott verð,
6901796- 5811214 gbb@post.com

Skrifstofa Hrunamannahrepps
Sumaropnun hreppsskrifstofu
Mánudaga til fimmtudaga:
09:00-12:00 og 13:00-16:00
Föstudaga: 09-12:30

Tækjasalurinn í Íþróttahúsinu er opin:
Mánudaga til föstudaga frá kl. 15:30-21:00

Sundlaugin á Flúðum.

Opnunartími .

Mánudaga til föstudaga: 16:00-21:00

Laugardaga 10:00-18:00

Sunnudaga: 13:00-18:00

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar
í Laugarási **480 5300**
Vaktsími í neyðartilvikum er 892 8804



Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna
Vinsamlegast pantið tíma

í síma: 486-5535 og **899-9665.**

Inga Birna.



Flúðaleið ehf



Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

Kl 12:00 frá Landflutningum Kjalarvogi og

Kl 13:00 frá Flytjanda Klettagörðum

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Vöruafgreiðsla á Flúðum: 486-1070 fax 486-6693

netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2370 Pálmar

892-2371 Snævar.

892-2372 Bjösssi.

*Með von um gott samstarf
Starfsfólk Flúðaleiðar*

SLÁTURFÉLAG SUÐURLANDS.

Aðalfundur S.S. fyrir árið 2009, var haldinn að Laugalandi Holtum 26. mars sl. Fjórir fulltrúar úr Hrunamannahreppi voru: Bjarni Valur Skip-holti, Eiríkur Grafarbakka, Esther Sólheimum og Jóhanna Hrafnkelsstöðum. Rekstur félagsins á liðnu ári gekk vel miðað við ástand mála í þjóðfélaginu. Aðgát, aðhald og engar áhættufjárfestingar skiluðu þessu. Þeim sem hafa aðgang að netinu er bent á að hægt er að nálgast Ársskýrsluna í heild á S.S. vefnum.

Að öðru: Nautgripaslátrun á Selfossi er að komast í jafnvægi og lítill sem enginn biðlisti. Aftur á móti vantar hross til slátrunar. Sala Yara áburðar gengur mjög vel og eykst jafnt og þétt milli ára. Þá er kjarnfóðrið frá DLG að slá í gegn. Rúlluplast og net verður til sölu eins og áður. Upplýsingar um verð og annað er lýtur að þessum vörum má finna á vef S.S.

Með kveðju Jóhanna á Hrafnkelsstöðum



Þriðja og síðasta vetrarmót Smára 2010
Minum á þriðja og seinasta vetrarmót Smára sem
fram fer núna á **laugardaginn 17. apríl kl 13:00**

Keppt verður í pollaflokki - 9 ára og yngri
 barnaflokki - 10-13 ára
 unglíngaflokki - 14-17 ára
 ungmennaflokki 18-21 árs
 fullorðinsflokki 1 og 2 flokki
 unghrossaflokki hross fædd 2005 og 2006

Skráningargjald er í alla flokka nema pollaflokk og barnaflokk,
1000 kr á skráningu sem greiðist á staðnum.
Skráning er á staðnum og hefst kl 11:30. Skráningu lýkur 12:50

Ríðið verður í þessari röð:

Pollaflokkur
Unghrossaflokkur
Barnaflokkur
Unglíngaflokkur
Ungmennaflokkur
Fullorðinsflokkur 2
Fullorðinsflokkur 1

Keppendur eru beðnir um að mæta í flíkum sem hægt er að næla
númerin á bakið á þeim.

Kaffisala í Reiðhöllinni.

Hvetjum sem flesta til að koma og vera með eða bara koma og
horfa á og hitta fólkið!

Vonumst til að sjá sem flesta

Mótanefndin

Starfsmaður frá Arion banka á Selfossi er til viðtals á Skrifstofu
Hrunamannahrepps annan þriðjudag í hverjum mánuði
(næst 11 maí um kl. 14:00)

Vöruflutningar
Reykjavík—Árnessýsla



VÖRUFLUTNINGASTÖÐIN

Vörumóttaka Héðinsgata 1-3
Sími: 533 2211

VÖNDULL ehf
FLUTNINGAÞJÓNUSTA Í
ÁRNESSÝSLU.

Brottför frá Reykjavík, Héðinsgötu 1-3 sími: 533 2211. Mánudaga til föstudaga kl. 13:00, Á Selfossi hjá Húsasmiðjunni og

Byko kl. 14:00 .Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir þörfum.

Upplýsingar í síma: 856 1580 Unnar
856 1581 Stefán



Frá Kvenfélagi Hrunamannahrepps.

Aðalfundur

SSK

Vorfundur

Saumanámskeið

Netfangalisti

Aðalfundur 2010 var haldinn í byrjun mars. Kosið var um ritara og meðstjórnendur. Allar konur gáfu kost á sér til áframhaldandi starfa og hlutu þær allar kosningu. Stjórn kvenfélagsins 2010 er svohljóðandi: Anna Kr. Ásmundsdóttir, formaður, Arnfríður Jóhannsdóttir, gjaldkeri, María Magnúsdóttir, ritari og meðstjórnendur eru Helena Eiríksdóttir, Ingibjörg Steindórsdóttir og Sigríður Jónsdóttir. Jafnframt voru tilkynntar nefndir og hafa flestar konur í nefndum fengið tilkynningu þar að lútandi. Ákveðið var að fara í leikhús í byrjun hausts. Margt gott kom fram á aðalfundinum sem of langt mál yrði að telja upp hér en starfsemi félagsins er í blóma og síðastliðið ár hefur félagið komið víða við í góðgerðarmálum og styrkveitingum.

Kvenfélagið verður 70 ára eftir tvö ár en það var stofnað 1942. Í tilefni afmælisins hafa Margrét Guðmundsdóttir og Marta E. Hjaltadóttir tekið að sér að safna heimildum fyrir sögu félagsins. Þeirri vinnu munum við síðan fylgja eftir með tilnefningu afmælisnefndar þegar nær dregur.

SSK (Samband sunnlenskra kvenna) verður með ársfund sinn nú í lok apríl og konukvöld verður á vegum SSK þann 8. maí en það verður nánar auglýst síðar. Allar kvenfélagskonur af sambandssvæðinu hvattar til að taka þátt í þessari skemmtun. Stefnt að sameiginlegri hópferð kvenfélaganna í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og Hrunamannahreppi.

Vorfundur kvenfélagsins verður haldinn í lok maí og verður nánar auglýstur síðar.

Saumanámskeið í umsjón PREM ehf. verður haldið dagana 9. og 16. maí, kl. 10.00 -16.00. Þetta sama námskeið var haldið hjá Kvenfélagi Skeiðahrepps fyrir nokkru og vakti mikla lukku. Hægt verður að kaupa efni og taka ljósrit af sniðum. Lágmarkspátttaka er 8 manns og er öllum opið. Heimasisða PREM er www.prem.is og hvetjum við ykkur til að kynna ykkur starfseminu hjá þeim.

Vinsamlegast skráið ykkur hjá stjórn kvenfélagsins en við skráningu verða allar nánari upplýsingar gefnar. Verð kr. 17.500.-.

Netfangalisti kvenfélagsins er í byggingu og viljum við biðja allar konur sem hafa netföng að senda okkur tölvupóst svo við getum bætt þeim á listann.

Í lokin vill kvenfélagið þakka fyrir samvinnu og góða þátttöku í starfi félagsins, bæði félagskvenna og samfélagsins í heild sinni.

Fyrir þá sem vilja skrá sig á saumanámskeið og til þeirra félagskvenna sem ætla að senda okkur tölvupóst vegna netfangalistans:

Anna Ásmundsdóttir: anna@fludaskoli.is – gsm: 896-6430

Arnfríður Jóhannsdóttir.: dalbaer1@mi.is – gsm: 896-0430

María Magnúsdóttir: mariamagg@simnet.is – gsm: 893-6520

Viltu hafa áhrif – opinn fundur H-listans um sveitarstjórnarmál og framboðs vegna sveitarstjórnarkosninga í vor

Boðað er til fundar um málefni sveitarfélagsins og framboðs vegna sveitarstjórnarkosninganna nú í vor.

Fundurinn er opinn öllu áhugafólki um sveitarstjórnarmál og framboðsmál H-listans. Sveitarstjórnarmál eru gefandi og skemmtileg og veita einstaklingum möguleika á að hafa áhrif á nærumhverfi sitt.

H-listinn býður nú fram í þriðja sinn.

Aðilar sem áhuga hafa á að gefa kost á sér til starfa á vegum H-listans, vinnu í málefnaþópum, áhuga á að starfa í nefndum eða setu á lista eru sérstaklega velkomnir.

Fundurinn verður haldinn í **Félagsheimili Hrunamanna sunnudagskvöldið**

18. apríl og hefst kl. 20.00

H- listinn

VIOLA snyrtistofa á Flúðum
Eftirfarandi meðferðir eru í boði
Andlitsbað Húðhreinsun
Litun og plokkun Handsnyrting
Fótsnyrting Förðun Vaxmeðferðir
Tímabantanir í síma 566-8342
og 856-1599(Hlíf)

SUMARNÁMSKEIÐ Í JAZZBALLETT

Í sumar verður boðið upp á námskeið í jazzballett á Flúðum fyrir stelpur á aldrinum 6 - 16 ára.

Námskeiðið er kjörið tækifæri fyrir stelpur sem hafa áhuga á að skyggast inn í dansheiminn, en lögð verður sérstök áhersla á dans og danstengda leiki.

Námskeiðið hefst 14. júní og stendur til 28. júní og verður kennt 3x í viku. Nánari upplýsingar um tíma verður tilkynnt síðar. Verð á námskeiðið er aðeins 5.000 krónur

Kennari á námskeiðinu er Þórdís Gísladóttir. Hún er búin að taka þátt í mörgum sýningum, þar á meðal söngleiknum Wake Me Up. Þórdís er einnig búin að vera í sýningarhóp Point Dansstúdíós frá upphafi, er með þjálfararéttindi a, b, c og er búin að kenna dans síðastliðin 3 ár.

Skráning fer fram á thordis@pds.is og þarf að skrá sig fyrir 25. maí.

Gaman væri að sjá ykkur sem flestar!

Landbúnaðarverslun

Sendum með
mjólkurbílnum



Þvottarefni fyrir..

mjólkurtanka, mjaltakerfi, mjaltapjóna, eldhúsið og þvottahúsið



Oliu- og
hreinsivörur

Kústar, kvíslar
sleggjur og
járnkariar



Salernispappír
og þurrkur
ýmisskonar



LANDSTÓLPI



Sjón er sögu ríkari

Gunnbjarnarholti,
801 Selfoss

Sími 480 5600
landstolpi.is



Nokkrar myndir frá árs-hátíð eldri Hruna-manna .
Ljós-
m:
SigSi-
gm